

reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins ár hvert og sendir hlutaðeigandi sýslunefnd þá til athugunar og samþykta. **67**
26. septbr.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd stofnenda sjóðsins.

Stóra-Skógi, 4. febr. 1927.

Ólafur Jóhannesson
bóndi Stóra-Skógi.

Jón Guðnason
prestur á Kvennabrekku.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar- **68**
sjóð Sigurðar Jónssonar frá Ystafelli, útgefin á venjulegan hátt ad^{29. septbr.}
mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. september 1927. Skipu-
lagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Sigurðar Jónssonar frá Ystafelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Sigurðar Jónssonar frá Ystafelli“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum sveitungum og samverkamönnum Sigurðar Jónssonar til minningar um vel unnið æfistarf í þágu Ljósavatnshrepps og alls hjeraðsins. Stofnfje sjóðsins er kr. 600,00. Auk þess hefir Kaupfjelag Þingeyinga lagt fram til sjóðsstofnunarinnar kr. 2500,00.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir hans og gjafir þær, er honum kunna að berast.

4. gr.

Starfssvið sjóðsins er Suður-Þingeyjarsýsla.

68

29. septbr.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Sparisjóði Kinnunga og má innstæðufje hans aldrei verða lægra en 3100 krónur.

Fje má fyrst veita úr sjóðnum árið 1930 og þá kr. 400,00. Upp frá því má veita þriðja hvert ár 400 króna upphæð. Þegar sjóðurinn hefir vaxið svo, að ársvextir hans nema 400 krónum eða meiru, má veita styrkinn annað hvert ár, og þegar vextirnir hafa náð 600 kr. á ári, má veita 400 kr. árlega.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá, sem taka land til ræktunar og byggja á því nýbýli, enda stundi þeir landbúnað sem aðalvatvinnugrein. Skal úthluta styrk eftir því sem segir í 5. gr.

7. gr.

Gagnvart úthlutun styrks úr sjóðnum, koma þessi atriði til greina:

- a. Eigi má neinum styrk veita úr sjóðnum nema hann hafi eignar- eða umráðarjett yfir minst 5 hekturum af ræktanlegu landi og auk þess heimild til beitjarlands, sumar og vetur, fyrir þann kvikfjenað, sem fleyta má á landinu þegar það er komið í fulla rækt.
- b. Engan styrk má veita fyr en búíð er að setja trausta fjárhelda girðingu umhverfis land það, sem taka á til ræktunar og fullrækta þar í það minsta 1—2 hektara. Einnig skal byrjað á byggingu íbúðarhúsa á landinu.
- c. Hver sá, er styrks beiðist, skal gjöra það skriflega. Skal styrkbeiðni hverri fylgja skrifleg meðmæli meiri hluta hreppsnefndarmanna þess hrepps, er nýbýlið tilheyrir, ásamt ítarlegri greinargerð um alla staðhætti og með hvaða kjörum landið er af hendi látið, skipulag bæjar- og peningshúsa, sem þegar eru byggð og nauðsynlegt er að byggð verði, svo og úr hvaða efni byggingarnar eru. Ennfremur fylgi skýrsla um jarðabætur (túnrækt, girðingar o. s. frv.), sem þegar eru gerðar og gjöra á, með umsögn þess manns, sem hefir með höndum mælingar fyrir það sveitarfjelag, er nýbýlið tilheyrir.
- d. Efnahagsskýrsla styrkbeiðanda skal fylgja umsókn hverri og þess ætíð gætt við úthlutun styrks, að fátækari maður sitji fyrir hinum ríkari, að öðru jöfnu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sjálfkjörnir í stjórnina eru hreppsnefndaroddviti og sýslunefndarmaður Ljósavatnshrepps. En þriðji maður og varamaður hans sje kosinn af aðalfundi fulltrúaráðs Kaupfjlags Þingeyinga, í fyrsta skifti árið 1927 og gildir sú kosning til 6 ára í senn.

Sje sami maður oddviti og sýslunefndarmaður í Ljósavatnshreppi, **68**
skal varaoddviti taka sæti í stjórn sjóðsins. **29. septbr.**
Stjórnin vinnur kauplaust.

9. gr.

Hreppsnefndaroddviti er formaður sjóðsins. Hann hefir á hendi reikningshald sjóðsins og færir gjörðabók hans. Hann geymir viðskiftabók hans við Sparisjóð Kinnunga og önnur skjöl hans og skilríki. Hann tekur á móti umsóknum um styrk úr sjóðnum, en stjórnin öll ákveður um styrkveitingar eftir skipulagsskrá þessari og gætir hagsmuna sjóðsins í einu og öllu.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir ásamt sveitarreikningum Ljósavatnshrepps.

12. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa á tryggilegan hátt, í ársbyrjun, hve miklum styrk verði úthlutað á því, samkvæmt 5. gr., en komi engin styrkbeiðni fram innan þess árs, legst sú upphæð, er úthluta bar, við höfuðstól sjóðsins. Skal svo ætíð gera, er engar styrkbeiðnir koma fram.

13. gr.

Hætti Sparisjóður Kinnunga störfum, skal fje þessa minningar-sjóðs ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

14. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Baldvin Baldvinsson.

f. h. Kaupfjel. Þingeyinga
Sigurður S. Bjarklind.

Jón Sigurðsson.